

LAND TÆKIFÆRANNA



Mínar hugmyndir:

1. Endurreisn efnahagslífsins

Lífsspursmál að koma hjólum efnahagslífsins af stað.

Verðum að nýta þau tækifæri sem felast í lágu gengi krónunnar, erum samkeppnishæf með allt.

Verðum að koma fyrirtækjunum af stað – án verðmætasköpunar þeirra eru munu heimilin ekki ná að vinna sig út úr erfiðleikum.

Verðum að koma í veg fyrir skatthækkanir sem munu ganga af fólki og fyrirtækjum dauðum. Hugmyndir vinstrimanna nú um hátekjuskatt þýða að tekjur umfram 291 þús á mánuði verða skattlagðar, ef marka má málflutning nýskipaðs ráðuneytistjóra í fjármálaráðuneytinu.

Verðum að styrkja bankak erfið þannig að það geti þjónað fyrirtækjunum. Ég vil setja skorður við eignarhaldi á bönkunum þannig að virkir þátttakendur í atvinnulífi geti ekki eignast ráðandi hluti í bönkunum. Bankarnir eiga að vera smurningsvélar fyrir atvinnulífið, verðmætasköpunin á sér stað utan þeirra.

2. Sjávarútvegur og landbúnaður

Framundan er varnarbarátta fyrir byggðirnar í landinu þar sem gera á kvóta upptækan með þjóðnýtingu. Verðum að tryggja að uppbyggingarstarf og hagræðing síðustu ára í sjávarútvegi glattist ekki.

Sjávarútvegurinn og starfsemi honum tengd verður lykilþáttur í því að leiða okkur út úr efnahagsörðugleikum.

Landbúnaðurinn okkar er nú orðinn mjög samkeppnishæfur í verði eftir fall íslensku krónunnar. Þau tækifæri verður að nýta.

3. Velferðarmál

Velferðarkerfi sem stendur ekki undir sér getur ekki staðið undir nafni sem besta velferðarkerfi í heimi.

Við þurfum að bregðast við minni verðmætasköpun með því að forgangsraða í heilbrigðis- og menntamálum. Við getum ekki eytt peningum sem eru ekki til.

Tryggja verður áframhaldandi uppbyggingu framhalds og háskóla á landsbyggðinni, án miðstýringar frá Höfuðborginni.

Við þurfum að tryggja að hver einasta króna sem varið er í þessa stóru málaflokka nýtist sem best.

4. Bygðamál

Mörg sóknarfæri fyrir landsbyggðina í núverandi stöðu.

Fyrst og fremst verðum við að nýta allar þær auðlindir sem landið og sjórinn hafa að geyma. Auðlindir eru ekki auðlindir nema þær séu nýttar með sjálfbærum hætti.

Við þurfum að hugsa samgöngumál í víðara samhengi en hingað til hefur verið gert. Með því á ég við að samgöngur við erlenda markaði eru dreifðum byggðum landsins jafnvel ennmikilvægari en samgöngur við Reykjavík. Þetta kjördæmi þarf enga ölmusu til að lifa bara sömu tækifæri og önnur svæði. Ein af framtíðar leiðunum til að ná því er að í norðanverðu kjördæminu rísi alþjóðaflugvöllur með beinu flugi á erlenda markaði.

Mín markmið eru einföld. Ég vil búa í landi þar sem hver og einn, óháð búsetu, bakgrunni og kyni hefur sömu tækifæri til þess að blómstra sem einstaklingur og þannig stuðlað að vegsemd fyrir land sitt og þjóð.

Ég vil að börnin mín geti í eigin nafni og krafti sjálf síns komið ár sinni vel fyrir borð og að komandi kynslóðir sjái hag sinn og framtíð best varið í byggja upp landið okkar.

Við verðum að halda áfram að byggja á dugnaði og vinnusemi sem hafa einkennt okkur allt frá landnámi.

Síðast en ekki síst að þau fjölskyldutengsl sem enn eru sterk á Íslandi glattist ekki. Hver og einn einstaklingur verður að vera tilbúinn til þess að leggja mikið á sig til að skara framúr og ná sínum markmiðum heildinni til heilla en ekki á kostnað hennar.



Þórður
Guðjónsson

1. - 3.
sæti

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Norðvestur-kjördæmi

21. mars 2009

Ég óska eftir stuðningi þínum í 1.-3. sæti þann 21. mars n.k



Ágætu Sjálfstæðismenn

Ég hef ákveðið að bjóða fram krafta mína fyrir komandi alþingiskosningar. Ég óska því eftir stuðningi í 1.-3. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í NV-kjördæmi, þann 21. mars n.k.

Um mig

Ég er giftur áskuástinni minni Önnu Lilju Valsdóttur og eigum við þrjár dætur, þær Valdís Marselía, Veronicu Líf og Victoríu Þórey. Ég starfa sem framkvæmdarstjóri Knattspyrnufélags ÍA og er jafnframt nemandi við Háskólann á Bifröst.

Ég er fæddur og uppalinn á Akranesi. Skagamaður í húð og hár, en á ættir að rekja til Súðavíkur og Ólafsfjarðar. Að loknu stúdentsprófi frá Fjölbrotaskóla Vesturlands lá leið mín á vit ævintýrana. Bernskudraumurinn um að gerast atvinnumaður í knattspyrnu varð að veruleika um haustið 1993. Sú mikla og harða vinna sem ég hafði lagt á mig allt frá fermingu, með það að markmiði að verða atvinnumaður, skilaði sér er ég skrifaði undir samning við Bochum í Þýskalandi. Næstu 13 ár fór ég vítt og breitt um Evrópu og bjó í Belgíu, Spáni, Englandi og Þýskalandi. Á þessu tímabili lék ég einnig fyrir hönd Íslands og hef spilað hátt í 90 landsleiki.

Staða mála

Árið 2006 fluttum við aftur til Íslands. Það má með sanni segja að það Ísland sem ég flutti frá árið 1993 hafi ekki verið það sama og ég flutti til árið 2006. Á þessum árum jókst frelsi í viðskiptum sem leiddi til mikillar hagsældar. En því miður gleymdu margir að frelsinu fylgir ábyrgð, því fór sem fór. Nú er aftur komið að tíma raunverulegrar verðmætasköpunar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í forustuhlutverki alveg frá því að hann var stofnaður. Í krafti, anda og stefnu hans hefur okkur Íslendingum tekist að vinna okkur útúr því að vera fátæk og vanþróuð yfir í að búa við líf skjör og velferð sem eru öfundsverð í augum annarra þjóða. Það hefur ekki breyst þrátt fyrir þau áföll sem yfir okkur hafa dunið. Í landi þar sem að kraftur og frelsi einstaklingsins ráða má búast við miklu. Þennan kraft vil ég taka þátt í að virkja og þetta frelsi vil ég verja. Nú þurfum við á því að halda að einstaklingarnir sjái þau sóknartækifæri sem fyrir hendi eru og nýti sér þau til frekari atvinnuuppbyggingar, verðmæta- og nýsköpunar í landinu.

Þau áföll sem dunið hafa yfir eru vissulega stór og mikil en það sama má segja um þau tækifæri sem enn eru til staðar.

Heimilin og atvinnulífið

Heimili landsins hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum í kjölfar hrunsins í haust. Þeim verður ekki bjargað nema með því að koma hjólum atvinnulífisins aftur á fulla ferð. Það er því mikilvægt að bankakerfinu verði komið í það stand að það geti sinnt skyldu sinni. Bankakerfið á að vinna eins smurningarvél fyrir atvinnulífið. Verðmætasköpunin er í höndum atvinnulífisins en ekki innan bankakerfisins.

Gæta verður að eignarhald bankana falli ekki aftur í hendur ráðandi þátttakaenda í atvinnulífinu, þannig að þeir geti sótt sér þangað fjármagn að eigin þörf.

Nýliðun

Ég tel nauðsynlegt fyrir flokkinn að nýtt fólk fái til starfa í bland við það reynslumeira. Þetta tel ég mikilvægt til að fá inn nýjar og ferskar hugmyndir. Því hef ég ákveðið að bjóða fram krafta mína sem fulltrúi þeirra sem eru trúir grunnhugmyndum flokksins en hafa þó ekki alist upp innan hans.

Reynslubolti

Ekki ætla ég að halda því fram að ég sé reynslubolti þegar kemur að stjórnmálum. Ég lít samt á reynsluleysi mitt sem kost í þeirri baráttu sem framundan er. Ég er mikill baráttumaður og er tilbúinn að leggja hart að mér til að vinna að þeim málum sem þarf að takast á við. Kosturinn er einmitt sá að ég kem ekki inni þessa umræðu með einhverjar samansóðnar og fyrirfram ákveðnar hugmyndir. Ég mun leitast eftir því að blása nýju lífi í glæðurnar og sá nýjum hugmyndum.

En hvað er reynsla? Er til einhver fyrirfram ákveðin leið sem verðandi þingmenn þurfa að fara til þess að geta talist nógu reynslumiklir? Ég segi nei! Til mynda hefur sú reynsla að hafa búið innan landamæra Evrópusambandsins í 13 ár og kynnst ólíkum menningarheimum gefið mér gott vagnesti til að takast á við þau verkefni sem framundan eru.